

Samningar milli leikhúsa og höfunda



Nú um áramótin voru í fyrsta skipti undirritaðir samningar milli leikhúsanna í Reykjavík og leikritahöfunda um greiðslu og flutning á íslenskum leikritum, en áður hafa ekki verið til formlegir samningar milli þessara aðila. Á meðfylgjandi mynd eru leikhússtjórnarnir Sveinn Einarsson og Vigdís Finnbogadóttir ásamt Sigurði A. Magnússyni, formanni Rithöfundasambands Íslands og Örnólfi Arnasyni, formanni Félags íslenskra leikritahöfunda við undirritun samninganna. —

Framkvæmdir við heilbrigðismál hafa ekki forgang

„Það er verðugt umhugsunarfni fyrir borgarfulltrúa yfir háttarnar að velja því fyrir sér, hversu mikið er eytt í þær framkvæmdir, sem þeir hafa sam-

þykkt að veita fé til,” sagði Adda Bára Sigfúsdóttir, er hún ræddi framkvæmdir vegna heilbrigðismála í Reykjavík á síðasta borgarstjórnarfundum fyrir áramót.

Adda Bára gerði grein fyrir þeim áformum, sem uppi voru við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1975 og stöðu framkvæmda í desember.

Í töflu litur greinargerð Öðdu Báru þannig út:

Stofnun	Aform á grundv. fjárhagsáætl. '75	Staðan í desember
Arnarholt	Tilbúið f. 45 sjúkl. 1. ág. '76 samkv. verk-samningi frá 3.10. 1974.	Verkinu h. miðað mjög hægt til þessa. Húsið er enn ekki fókelt. Engin framkvæmdaáætl. er til. Borgin gerði ráð fyrir að fá 37 milj. frá ríkinu til verksins '76, en fær 20 milj. samkv. fjárlögum.
Hafnarbúðir	Hjúkrunarheimili f. aldraða. Tilbúið á árinu.	Framkvæmdir rétt að byrja. Húsið illa farið. Óvíst hvenær verki lýkur.
Borgar-sptali	Tveggja hæða bygging f. slysideild og fl. fókheld á árinu.	Jarðvinnu lokið.
Heilsugæslu-st. í Arbæ	Starfsemi hefjist 1. nóv. '75.	Útboð hefur enn ekki farið fram.
Heilsugæslust. í Domus Medica	Starfsemi hefjist 1. sept. 1975.	Framkvæmdum við húsnæðisbreytingar lokið, en engin fyrirheit fengin um þátt-töku ríkis í rekstri.
Heilsugæslust. Breiðholti III	Starfsemi hefjist 1. janúar 1976.	Samkomulag hefur enn ekki tekist um leigu húsnæðis í þessu skyni.

Verndun gamalla mannvirkja á Norðurlandi

Aðalfundur Vísindafélags Norðlendinga 1975 vekur athygli á mikilvægi þess að varðveita og viðhalda gömlum mannvirkjum í fjórðungnum, svo sem húsum af ýmsu tagi, gömlum brúm, vatns-virkjunum o.fl., og bendir jafnframt á nauðsyn þess, að varðveita útlit gamalla bygginga og innréttingar þeirra.

Beinir félagið þeirri áskorun til sveitarfélaga og áhugamanna-félaga (og klúbba) að hyggja að þessum málum hvert á sínu svæði og gera tillögur um vernd þeirra mannvirkja, sem brýnast er talið að varðveita.

Greinargerð með tillögumni:

Verndun gamalla mannvirkja er fyrir löngu orðin viðurkenndur þáttur í menningarstarfi flestra þjóða heimsins, á sama hátt og söfnun og varðveisla gamalla muna o.s.frv. Til áminningar þessu var árið 1975 útnefnt húsfriðunarár í Evrópu, en tillaga okkar til þeirra mála var m.a. ráðstefna um húsvernd o.fl., sem haldin var í Reykjavík nýlega.

Þótt töluvert hafi verið unnið að

verndun gamalla mannvirkja nú á síðustu árum, einkum á vegum Þjóðminjasafnsins og einstakra bæjarfélaga, teljum við samt að enn sé margt vanrækt í þessum efnun, ekki síst hér á Norðurlandi, og því þurfi víða að gera stórt átak í verndun gamalla og sögulegra bygginga og annara mannvirkja, sem stöðugt eru að týna tölunni fyrir augunum á okkur.

EKKI er nóg að varðveita nokkra torfbæi eða torfkirkjur, heldur þarf að stefna að því, að til sé í hverju héraði sýnishorn þeirra bygginga, eða bygginga-flokka, sem verið hafa í notkun á undangengnum áratugum og öldum, og enn standa uppi.

Í sambandi við varðveislu gamalla timburhúsa o.s.frv. er líka mikilvægt, að ekki sé breytt útliti þeirra (t.d. með nýrri gluggagerð), eða meginsvip inn-réttinga þeirra.

Sérstök ástæða er til að benda á varðveislu gamalla útihúsa á sveitabýlum, sem eru óðum að hverfa af yfirborðinu, svo og viðhald gamalla brúa, sem víða eru til prýði í landslaginu.

Adda Bára ræddi um þann seinagang sem væri á framkvæmdum í heilbrigðismálum, og það misræmi, sem væri á milli orða og efnda. Síðan sagði hún: „Heilsugæslustöðin góða, sem byggja átti í Breiðholti og mörg orð og stór voru höfð um fyrir kosningarnar 1974 hvarf af framkvæmdalista 1975. Það mátti glöggst skilja á borgarstjóra vorið 1974, að sú bygging gæti þotið upp ef þáverandi heilbrigðisráðherra og undirsátar hans væru ekki að þvælast fyrir málinu. Sú kosningakenning virðist ekki standast sögunnar dóm. Tvær miljónir voru settar til hennar til málamynda í fjárhagsáætlun 1975, en ekkert 1976.”

Að lokum sagði Adda:

„Eins og ég hef rakið hefur farið um framkvæmdir, sem vinna átti í ár og fé var veitt til á fjárhagsáætlun. Það hefur verið sýnt aðhald og framkvæmdir ekki settar af stað fyrr en öruggt var um fjármögnun, sagði borgarstjóri á síðasta borgarstjórnarfundum. En spurningin er, hvaða framkvæmdir hafa fyrst og fremst verið tafðar vegna þessa aðhalds, og hverjar hafa gengið greiðar? Eitt er vist, framkvæmdir í heilbrigðismálum hafa ekki haft forgang.”

Nokkrar umræður urðu síðan um þessi mál og tóku þátt í þeim Birgir Ísl. Gunnarsson og Páll Gíslason. —úþ

Kirkjugarðar Reykjavíkur

munu væntanlega ráða næsta sumar ungl- inga til vinnu í kirkjugörðunum eins og verið hefur.

Aldurslágmark er 15 ár (F. 1961). Þar sem búast má við fleiri umsóknum en unnt er að sinna, verður útdráttur látinn ráða hverjir fá vinnu.

Umsóknir sendist skrifstofu kirkjugarð- anna fyrir 1. mars 1976. Þeir sem hafa sótt nú þegar, þurfa ekki að endurnýja um- sóknir sínar.

Kirkjugarðar Reykjavíkur.



RÍKISSPÍTALARNIR lausar stöður

KLEPPSSPÍTALINN.

HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI óskast nú þegar eða eftir samkomu- lagi á Flókadeild spítalans. Upplýs- ingar veitir yfirhjúkrunarkona deildarinnar í síma 16630.

FÖSTRA óskast til að veita forstöðu dagheimili fyrir börn starfsfólks. Nánari upplýsingar veitir forstöðu- kona spítalans.

STARFSSTÚLKA óskast til ræst- inga. Upplýsingar veitir forstöðu- kona, sími 38160.

LANDSPÍTALINN.

HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI óskast á Röntgendeild spítalans frá 15. febrúar nk. Nánari upplýsingar veitir forstöðukonan.

Reykjavík, 16. janúar 1976.

SKRIFSTOFA RÍKISSPÍTALANNA EIRÍKSGÖTU 5, SÍMI 11765.

Laus staða

Staða forstöðumanns Mannfræðistofnunar Háskóla Ís- lands er laus til umsóknar. Askilið er að umsækjendur hafi lokið háskólaprófi í mannfræði.

Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um rittsmiðar og rannsóknir svo og námsferil og störf sendist mennta- málaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, Reykjavík fyrir 15. febrúar nk.

Menntamálaráðuneytið 13. janúar 1976

Skrifstofustarf

Vatnsveita Reykjavíkur óskar að ráða starfsmann til skrifstofustarfa. Verslunarskóla- eða hliðstæð menntun æskileg. Laun skv. kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknir sendist Vatnsveitu Reykja- víkur, Breiðhöfða 13, fyrir 26. janúar n.k.

Vatnsveita Reykjavíkur.